

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Reykjavík, 7. júlí 2026.

Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um drög að reglugerð um notkun síma og snjalltækja í grunnskóla.

Mannréttindastofnun Íslands telur jákvætt að stefnt sé að því að skýra þær reglur sem gilda um notkun síma og snjalltækja í grunnskólum og tekur undir mikilvægi þess markmiðs sem að er stefnt, þ.e. skapa námsfrið og vellíðan, styðja við faglegt skólastarf og stuðla að gagnkvæmu trausti og virðingu allra aðila í skólasamfélaginu. Á tíma bendir stofnunin þó á mikilvægi þess að taka mið af mannréttindum barna við mótun reglnanna og við framkvæmd þeirra.

Mannréttindastofnun tekur undir umsögn umboðsmanns barna um reglugerðina, en þar kemur meðal annars fram að í rétti barna til þátttöku felist ekki aðeins tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri heldur einnig að tekið sé tillit til þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Því þurfi að styrkja orðalag 7. gr. reglugerðarinnar þannig að skýrt komi fram að hafa skuli samráð við nemendur við innleiðingu, framkvæmd og mat á áhrifum reglugerðarinnar og að réttmætt tillit skuli tekið til sjónarmiða þeirra.

Mannréttindastofnun tekur einnig undir athugasemdir umboðsmanns barna um 5. gr. reglugerðarinnar. Af ákvæðinu leiðir að símar og önnur snjalltæki nemenda skuli ávallt geymd af skólanum, til dæmis í þar til gerðum skápum, hólfum eða kössum, sbr. 3. mgr. 5. gr. og veltir stofnunin fyrir sér hvort þörf sé á svo íþyngjandi úrræði eða hvort hægt væri að ná sama markmiði með því að hvetja nemendur til þess að koma ekki með tækin í skólann og/eða gera þá kröfu að tækin séu ofan í tösku á skólatíma. Má í því sambandi minna á að reglur sem takmarka réttindi nemenda þurfa að vera málefnalegar og í samræmi við meðalhöfsreglu. Ef ákveðið verður að halda umræddu ákvæði inni í reglugerðinni telur stofnunin a.m.k. brýnt að endurskoða 4. mgr. ákvæðisins um skaðabótaábyrgð skólans. Erfitt er að sjá rökin fyrir því að takmarka ábyrgð skólans umfram það sem almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir. Mannréttindastofnun vísar til orða umboðsmanns barna um að það sé álítaefni hvort næg lagaheimild standi til slíkrar takmörkunar á almennum reglum skaðabótaréttar

eins og hún er sett fram í reglugerðardrögunum. Jafnframt tekur stofnunin undir athugasemdir umboðsmanns barna um það hvort reglugerðarheimild sem mælir fyrir um notkun síma og snjalltækja sé nægilega skýr til að réttlæta skyldu til afhendingar einkaeigna sem skólinn tekur í vörslu sína, enda grundvallarmunur á því að í gildi séu reglur um notkun síma og snjalltækja í skólum eða hvort nemendum sé gert að afhenda slík tæki.

Að lokum minnir Mannréttindastofnun Íslands á að eitt af meginhlutverkum hennar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðbúin í frekara samtal eða samráð um reglugerðina eða önnur málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri